

## Við áramót

LEIDARI

Ágæti framleiðandi.

Nú líður að áramótum og gjarnan á slíkum tímamótum förum við yfir sviðið leggjum mat á hvernig hefur gengið og ekki síður þau verkefni sem framundan eru. Árið 2015 verður metár í sölu og framleiðslu á mjólk. Gera má ráð fyrir að innvigtun verði 147 milljónir lítra á árinu, en salan í fitulítrum um 134 milljónir lítra. Á próteingrunni stefnir í að sala verði ríflega 122 milljónir lítra, en hvort tveggja er met í sölu.

Mjólkursamsalan hefur með höndum gríðarmikilvægt og vandasamt hlutverk sem er birgðastýring mjólkurháfnis á öllu landinu. Á síðustu fimm árum hefur fituneysla á mann í landinu aukist um 16 %, en á fimm ára tímabili þar á undan einungis um 4 %. Á áratugnum 1995 -2004 var samfelldur samdráttur í fitusölu. Mjólkursamsalan brást við þessum breyttu markaðsaðstæðum með því eina ráði sem henni var tiltækt að greiða fullt afurðastöðvaverð fyrir alla framleidda mjólk. Þetta fyrirheit var gefið fyrir árin 2014, 2015 og 2016. Að auki lögðust stjórnvöld á árina með því að auka framleiðsluskýldu í 100 % af greiðslumarkmi. Það gekk hægt framan af að ná upp framleiðslu vegna eðlis greinarinnar en bændur svöruðu kallinu vel og björguðu þannig hráefnis- og birgðastöðu fyrir innlendan markað. Það ber bæði að þakka og virða, því sumt af þeirri framleiðslu var mishagkvæmt. Það sem öllu skipti var að það tókst að mæta þeirri eftirspurn sem varð á markaðnum. Það er ekki lengra síðan en í lok árs 2014 að grípa þurfti til sérstakra aðgerða til að engar vörur vantaði á markað. Nú er svo komið að framleiðsla eykst hraðar en sala og hefur þannig verið frá miðju ári. Það þyngir verulega rekstur Mjólkursamsölnnar, sem félagið getur efalaust mætt með bakstuðningi eigenda sinna, Auðhumlu og Kaupfélags Skagfirðinga. Hins vegar þarf vitaskuld líka að bregðast við í rekstrinum.

Í fyrsta lagi mun félagið standa við fyrirheit um fullt afurðastöðvaverð út árið 2016. Það fyrirheit er grundvöllur áætlana hjá tugum framleiðenda um allt land.

Í öðru lagi bindur félagið vonir við að slakað verði á 100% framleiðsluskýldu næsta árs, þannig að sá framleiðsluhvati verði minni. Það er mikilvægt að hver og einn framleiðandi fari yfir sín framleiðsluþlön og dragi úr þeirri framleiðslu sem óhagkvæmust er á hverju búi til að hægja á heildarframleiðsluaukningu.

Í þriðja lagi á Mjólkursamsalan þann kost að endurskoða þann framleiðsluhvata sem liggur í niðurgreiðslum á mjólkurflutningum. Þessi niðurgreiðsla og óbein arðgreiðsla MS og bein arðgreiðsla Auðhumlu, hefur hlíft bændum við þeim sveiflum sem orðið hafa í flutningskostnaði undanfarin ár. Fyrir henni eru ekki rekstrarlega forsendur við núverandi aðstæður.

Gjaldtaka á flutningi mjólkur verður á árinu 2016 samkvæmt raunkostnaði við flutningana, eða 4.70 kr. fyrir hvern lítra frá næstu áramótum. Það er hækkan um 1.80 kr. á lítra miðað við yfirstandandi ár. Pennan kostnaðarauka eiga bændur kröfu um að fá metinn af verðlagsnefnd sem fyrst því óumdeilt er að flutningskostnaður mjólkur er framleiðanda megin við uppsetningu á verðlagsgrundvelli kúabús.

Í fjórða lagi mun félagið fylgja eftir þeim mikla árangri sem náðst hefur í sölu og markaðssetningu á skyri á erlendum markaði. Sú starfsemi hvort heldur skyrið er framleitt hér heima eða með sérleyfum erlendis, skilar félaginu verulegum hagnaði sem styður við innlendu starfsemina og gerir henni fært að standa við fyrirheit til bænda um fullt afurðastöðvaverð. Framundan eru væntanlega nýir landvinningar á þessum markaði, bæði á meginlandi Evrópu, í Bretlandi og Bandaríkjunum.

### Nýr búvörusamningur í burðarliðnum.

Nú standa yfir viðræður um nýjan búvörusamning, en núverandi samningur rennur út í lok árs 2016. Nýr búvörusamningur og nýgerður tollasamningur og framkvæmd hans munu hafa áhrif á þá þróun sem verður hér í kúabúskap og mjólkurvinnslu á næstu árum.

Kynnt hafa verið drög að nýjum búvörusamningi sem er í vinnslu og mun hann væntanlega skapa starfsumhverfi greinarinnar. Það er auðveldara um að tala en í að komast að gera nýja samninga. Þó bændur eigi allir sam-eiginlega hagsmuni er líka margt sem skipar þeim í ólíka hagsmunahópa. Nýr samningur mun því koma með misjöfnum hætti við framleiðendur eftir því hvar þeir eru staddir í sínum búskap. Hagsmunir þeirra sem eru yngstir og hafa verið að kaupa sig inn í greinina eru ólíkir hagsmunum þeirra sem eru elstir og búa sig undir að láta af búskap. Hagsmunir þeirra sem skulda eru ólíkir hagsmunum þeirra sem eru skuldittlir eða skuldlausir. Hagsmunir þeirra sem byggt hafa upp á undanfönum árum eru ólíkir hagsmunum hinna sem byggðu upp fyrir mörgum árum. Það er mikilvægt að reyna að tryggja sem best hagsmuni flestra hópa innan greinarinnar. Að mínu viti þarf samt megináherslan að vera á að tryggja hagsmuni atvinnugreinarinnar í heild og búa svo um hnútana að hér geti þróast blómlegur kúabúskapur til langrar framtíðar. Það er vandasamt í slíkum samningum að verja eða berjast fyrir ólíkum hagsmunum framleiðenda sem ég rakti hér að framan. Þannig var það við gerð síðasta samnings og þannig hefur það alltaf verið. Það er mikilvægt að koma í veg fyrir kollsteypur og stóráföll, en það blasir við að það fyrirkomulag sem verið hefur í starfsskilyrðum greinarinnar gengur ekki upp til framtíðar. Það mun kannski þjóna einhverjum framleiðendum ef það er við lýði eitthvað áfram, en er ekki kostur til framtíðar. Þegar á heildina er lítið eru þau samningsdrög sem kynnt hafa verið skynsamleg þó að margt sé þar enn óútfært. Tryggja þarf með öllum ráðum að starfsumhverfi mjólkurframleiðslu í heild verði þannig að hún geti þróast og dafnað um alla framtíð í sátt við samfélagið og markaðinn sem við þjónum.

Að lokum óska ég þér og þínum friðsællar jólahátíðar og farsældar í lífi og starfi á komandi ári.


Egill Sigurðsson  
stjórnarformaður Auðhumlu  
og Mjólkursamsölnnar.

# Framleiðsla og ráðstöfun mjólkur

FRAMLEIÐSLUSVIÐ

## Innvegin mjólk

Mjólkurframleiðsla sl. 12 mánaða (desember 2014 – nóvember 2015) var 145 milljónir lítra. Heildarframleiðsla mjólkur á fyrstu 11 mánuðum ársins 2015 er orðin 133,4 milljónir lítrar. Greiðslumark yfirstandandi verðlagsárs er 140 milljónir lítrar. Það er ljóst að framleiðsla mjólkur, á árinu 2015, verður um 147 milljónir lítrar. Í mynd 1. má sjá að vikuframleiðsla mjólkur um þessar mundir (vika 50- 51) er álíka mikil og hún var í hámarksvikum síðasta sumars, eða um 2,9 milljónir lítra. Allt stefnir í að framleiðsla ársins verði um 147 milljónir lítra. Greiðslumark verðlagsársins 2015 er 140 milljónir lítra.



Eins og fram kemur í mynd 2 er mjólkurframleiðsla janúar – nóvember 9,4% meiri 2015 en 2014. Jafnframt er framleiðsla nóvembermánaðar 17,4% meiri 2015 en 2014, sem svarar til 1,7 milljónum lítra.


## Samanburður á innvigtun (lítrar) árin 2015 og 2014.

Mánuður	Ár		Mismunur lítrar	Mismunur prósent
	2015	2014		
Janúar	11.651.471	10.870.204	781.267	7,2
Febrúar	11.016.537	10.381.303	635.234	6,1
Mars	12.438.916	11.638.223	800.693	6,9
Apríl	12.206.753	11.905.885	300.868	2,5
Máí	12.814.294	12.493.801	320.493	2,6
Júní	13.095.858	11.904.704	1.191.154	10,0
Júlí	13.001.215	11.387.179	1.614.036	14,2
Agúst	12.249.001	10.566.298	1.682.703	15,9
Septembar	11.752.852	10.584.681	1.168.171	11,0
Október	11.623.370	10.346.527	1.276.843	12,3
Nóvember	11.553.457	9.844.728	1.708.729	17,4
Desember				
<b>Samtals:</b>	<b>133.403.724</b>	<b>121.923.533</b>	<b>11.480.191</b>	<b>9,4</b>

Mynd 2. Mánaðarleg framleiðsla mjólkur 2015 og 2014

## Sala og birgðir mjólkurvara

Umreiknuð sala mjólkur á innanlandsmarkaði, á sama tímabili, nam 122,1 milljón lítrum á próteingrunni og 133,48 milljónum lítra á fitugrunni. Í nóvember sl. var gert ákveðið söluátak sem skilaði sér í mikilli sölu á fitugrunni í mánuðinum. Á hinn bóginn hafa þær aðgerðir hluta til sjáanleg áhrif til minnkunar á sölu sömu vara í desember sem nú er að líða. Mismunur í sölu á fitu og próteini á innanlandsmarkaði eykur útflytningsspörf mjólkur, og þá á próteini, til viðbótar þeirri útflytningsspörf sem er til staðar vegna mikillar framleiðslu mjólkur umfram fitusölu á innanlandsmarkaði.



Mynd 3. Birgðir undanrennudufts og viðbits um í árslok 2013 - 2015

## Birgðir helstu mjólkurvara

Í mynd 3 má sjá þróun birgða á viðbiti og undanrennudufti í lok árs 2013 – 2015.

Birgðastaða mjólkurvara í landinu er orðin umtalsverð og mikil nauðsyn er orðin að flytja út bæði prótein og fitu (smjör og undanrennuduft) úr landi, en staða á erlendum mörkuðum er mjög erfið um þessar mundir og engin teikn á lofti um að breyting verði þar á næstu mánuðum. Á árinu 2015 hafa þegar verið flutt út um 420 tonn af undanrennudufti.

Pálmi Vilhjálmsson  
framkvæmdastjóri framleiðslusviðs

# Vildi geta lesið á fernurnar

FÓLK



Fida Abu Libdeh flutti hingað til lands 16 ára gömul með fjölskyldu sinni frá Palestínu. Hún lærði m.a. orku- og umhverfistækni-fræði og er nú framkvæmdastýra GeoSilica Iceland ehf. Fyrirtækið hefur það markmið að framleiða hágæða kísilríkar heilsuvörur úr jarðhitavatni.

Fida var í viðtali við Morgunblaðið í nóvember s.l. en þar lýsir hún m.a. hvernig áhugi hennar á íslenskunni varð til. Við grípum hér niður

í skemmtilega klauðu úr viðtalinu þar sem Fida talar um hvernig textarnir á mjólkurfernunum hjálpuðu henni að læra tungumálið.

## Átak MS skilaði árangri

Það er aðdáunarvert að hlusta á Fidu mæla á íslensku tungu, aldrei er hik í samtalinu og íslenskan rennur áreynslulaust þó vissulega heyrist að Fida er af erlendu bergi brotin. Það er ekki síður áhuga-vert að heyra hvað varð kveikjan að brennandi áhuga Fidu á að læra íslenskt mál. „Ég man alltaf hvað það fór í taugarnar á mér að geta ekki lesið hvað stóð á mjólkurfernunum. Það var markmið mitt fyrst og fremst að vita hvað stæði á mjólkurfernunum. Það skiptir líka máli hvað íslenskan er vernduð, menningin í kringum tungumálið og hvernig íslenskan er út um allt. Þetta smitaðist til mín og hjálpaði mér að læra. Mjólkurfernan var eitthvað sem ég þurfti að kaupa og vildi skilja hvað stóð á henni. Ég var viss um að það væri eitthvað mjög skemmtilegt.“

SAMSTARF VIÐ MATÍS:

## Skyrgerillinn og Úr mysu í vín

MARKADSMÁL

Í janúar sl. var undirritaður samstarfssamningur milli Mjólkursamsölnunnar og Matís ohf. um rannsóknir á hinum séríslenska skyrgerli og umbreytingu mjólkursykurs úr mysu í vín.

Í fyrrgreinda verkefninu munu fyrirtækin vinna saman að rannsóknum á sérstöðu íslenska skyrgerlastofnsins. Í þessu felast rannsóknir á vinnslueiginleikum og líf-virknieiginleikum íslenskra skyrgerla og heilraðgreiningar á skyrstofnum. Tilgangurinn með þessu er að efla þekkingu á íslenska skyrgerlastofninum og auðvelda skilgreiningu á sérstöðu þeirra gagnvart öðrum sambærilegum gerlastofnum. Þetta á síðan að hjálpa til við að efla sérstöðu íslensks skyrs og markaðsstöðu þess á erlendum mörkuðum.

Verkefnið um umbreytingu mysu í vín hefur fengið nokkra fjölmiðlaumfjöllun. Þar hafa MS og Matís ásamt Foss Distillery sótt um styrk til Tækniþróunarsjóðs til fjármögnunar. Við vinnslu á próteinþykki úr ostamysu fellur til sætuvatni með mjólkursykri sem er eftir þykkingu 7-8 milljónir lítra. Markmið verkefnisins er að breyta þessum mjólkursykri í etanol. Það er síðan hægt að nýta sem eldsneyti, iðnaðarspíra eða í framleiðslu á áfengi. Heildarverðmæti þessarar vinnslu geta numið frá 100-450 milljónum kr. á ári m.v. það magn sem að framan greinir.

Björn S Gunnarsson þróunarstjóri



## Mjólkurbílafréttir

FRÉTTIR

Nú í haust lét einn af mjólkurbílstjórnnum MS af störfum eftir 40 ár í starfi en það var Pétur Haraldsson sem keyrði á Norðurlandi og í seinni tíð aðallega um Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsströnd og Höfðahverfi. Friðjón G. Jónsson, verkstjóri hjá MS Akureyri sendi okkur þessar skemmtilegu myndir af þessu tilefni. Pétur bílstjóri tekur sig vel út á einni myndinni og hinar myndirnar eru teknar á sama stað með um 55 ára millibili. Nýrri myndin er af mjólkurbíl Péturs, sem er sá nýjasti í bílaflota MS Akureyri og frá 2015 en eldri myndin var tekin í kringum 1960 af REO mjólkurbíl Jóns Ólafssonar, A-337. Í báðum tilvikum eru bílarnir að keyra upp Grýtuhaðina í gamla Öngulstaðahreppnum í Eyjafjarðarsveit. Við viljum nota tækifærið og þakka Pétri fyrir vel unnin störf í þágu MS.



## Kálfaeldi – upphafið að mjólkurkúm framtíðarinnar

RÁÐGJÖF

Kálfaeldi er veruleg áskorun hjá mörgum bændum í dag. Oft á tímum mæta kálfarnir afgangi, bæði hvað varðar pláss og umönnun. Það er algengt að sjá allt of marga kálfa í of litilli stú. Þegar spurt er af hverju ástandið er svona, fást oft þau svör að þetta sé tímabundið eða að eftir sé að innrétta eða laga aðstæður fyrir kálfana. Hvort plássleysi er tilkomið vegna þess að allt aukarými er nýtt fyrir fleiri mjólkurkúr eða ekki skal ósagt látið. En í öllu falli virðist verkefnið að bæta aðstæður fyrir kálfa hafa lent of neðarlega í forgangs röðuninni. Ef hugsað er um að kvígukálfarnir séu mjólkurkúr framtíðarinnar, ættum við að gera eins vel við þá og hægt er. Enginn vafi leikur á því að þegar vel er gert fyrir kvígukálfana í uppeldi, eru miklu meiri líkur á að kvígan/kýrin skili meiri mjólk.

Fóðrun í uppeldi er stundum ekki nógu góð. Helst er ábótavant að gefið sé of lítið magn mjólkur og gefið í of fá skipti á sólarhring. Rannsóknir sýna t.d. að ef kálfurinn fær að vera með móður sinni, þá syngur hann 10-12 sinnum á sólarhring. Því stingur í stúf þegar nýfæddum kálfi er einungis gefið tvisvar á sólarhring. Ráðlagt er að gefa a.m.k. 20% af líkamsþunga kálfs á sólarhring, skipt upp í a.m.k. 4-6 skipti. Kálfur sem er 30 kg á dag

fá minnst 6 lítra af mjólk á dag. Gott er að gefa eins mikinn brodd og hægt er að koma í kálfinn fyrstu 12 klukkustundir eftir burð, því meira því betra. Broddur inniheldur mótefni sem ver kálfinn fyrir ýmsum sjúkdómum eins og t.d. skitu. Ef kálfur hefur fengið mikið magn af mjólk frá fyrsta málið, þó hann oftast magnaukingu betur þegar mjólkurgjöf er aukin eftir broddtímabilið. Hérlendis virðist vera algengt að gefa ekki meiri mjólk en 8-10 lítra á dag. Einhverjir eru að gefa aðeins meira og örfáir að gefa mjólk með frjálsum aðgangi að mjólk. Ljóst er að kálfar sem fá meira mjólkurmagn, vaxa oftast betur en þeir kálfar sem fá minna.

Til að byrja með ákvarðast vöxtur kálfs fyrst og fremst eftir aðgengi að próteini. Vöxtur er góður ef aðgangur að próteini er nægur en ef aðgangur er takmarkaður þá dregur úr vexti. Helstu próteingjafir eru mjólkinn og svo kjarnfóðrið. Prótein í heyi nýtist illa áður en vömbin er orðin þroskuð. Sumir gefa musli, en það er oftast með of lágu próteininnihaldi fyrir vöxt kálfana. Eindregið er mælt með að láta kálfana fá kálfaköggl með 21-22% próteini, en ekki kúaköggl fyrstu 2-3 mánuðina. Seinna í uppeldi þegar próteinþörf minnkar með aldrinum er hægt að skipta í

kúaköggl. Ef markmiðið er að láta kvígur bera við 22-24 mánaða aldri er ráðlagt er að gefa kjarnfóður fram yfir fengitíma.

Algengt er að bændur flytji kálfana úr stú með hálmþing eða öðru góðu undirlagi í stú með steiptum rimlum. Þetta er stundum gert á sama tíma og mjólkurgjöf er hætt. Æskilegt er að reyna að milda allar breytingar í lífi kálfsins t.d. með því að bíða með að flytja kálfinn þar til hann er farinn að éta vel hey og kjarnfóður. Ráðlagt er að vera með kálfana á hálmþing þar til þeir eru orðin 4-5 mánaða gamlir.

Jarle Reiersen dýralæknir

## Kálfafóður

Bændur geta nú keypt kálfafóður á heildsöluverði. Fóðrið verður til afgreiðslu á öllum starfsstöðvum MS að meðtöldum Ísafirði og Blönduósi og er lágmarksþöntun 10 þokar. Er hér orðið við óskum bænda um betra aðgengi að MS kálfafóðri.

# Nýjar viðmiðanir vegna gæðamjólkur frá og með 1. janúar 2016

KYNNING

Stjórn SAM beindi því til aðildarféлага sinna að breyta viðmiðunum fyrir greiðslur úrválmjólkur (1. flokk A) með eftirfarandi hætti:

1. Flokkamörk fyrir beint meðaltal líftölumælinga í mánuðinum verði hert í 20.000 úr 25.000 auk þess sem engin mæling í mánuðinum má fara upp fyrir 40.000.
2. Flokkamörk fyrir faldmeðaltal frumutölumælinga í mánuðinum verði hert í 200.000 úr 220.000.
3. Flokkamörk fyrir faldmeðaltal mælinga frírra fitusýra í mánuðinum verði 0,900 en þar hefur einungis þurft að standast kröfur um 1. flokk þ.e. 1,1.
4. Frá og með 1. janúar 2017 þarf einnig að standast kröfur um fyrirmyndarbú skv. úttekt mjólkureftirlits.

Stjórn Auðhumlu staðfesti þetta á fundi sínum 12. desember s.l. og taka nýjar viðmiðanir gildi frá og með 1. janúar 2016.

Til að mjólk mánaðarins geti flokkast sem A-mjólk þarf hún að standast allar kröfur um 1. flokk auk þess sem faldmeðaltal frumutölu í mánuðinum þarf að vera 200 þúsund frumur/ml eða lægra, beint meðaltal líftölu í mánuðinum þarf að vera 20 þúsund einingar/ml, líftölumælingar mega ekki fara upp fyrir 40.000 einingar/ml í mánuðinum og loks má faldmeðaltal mælinga á fríum fitusýrum í mánuðinum ekki fara upp fyrir 0,900.

**Flokkun í 1. flokk A verður eftirfarandi frá og með 1. janúar 2016:**

Próf/Mat	1. flokkur A <sup>1)</sup>
Líftala (Bactoscan)	Beint meðaltal í mán ≤= 20.000 og engin mæling yfir 40.000 <sup>2)</sup>
Frumutala	Faldmeðaltal ≤= 200.000
Fríar fitusýrur	Faldmeðaltal ≤= 0,900
Lyfjaleifar	Verður að standast kröfur um 1.fl
Hitapólin líftala <sup>3)</sup>	Verður að standast kröfur um 1.fl
Kuldaþolin líftala <sup>3)</sup>	Verður að standast kröfur um 1.fl
Líftala loftfælinna dvalagróa <sup>3)</sup>	Verður að standast kröfur um 1.fl
Lykt og bragð <sup>3)</sup>	Verður að standast kröfur um 1.fl

- 1) Innvigtuð mjólk mánaðarins er A-mjólk svo fremi að hún standist allar kröfur 1. flokk A.
- 2) Líftala (Bactoscan) má ekki fara upp fyrir þessi mörk í mánuðinum.
- 3) Þar sem þessar mælingar eru gerðar.

Frá og með 1. janúar 2017 þarf kúabú einnig að standast kröfur um fyrirmyndarbú til að fá greitt álag fyrir gæðamjólk. Hægt verður að óska eftir úttekt mjólkureftirlits vegna fyrirmyndarbús frá og með 1. janúar 2016.

Fyrir mjólk sem flokkast sem 1. flokkur A skv. ofangreindum viðmiðunum greiðist 2% gæðaálag af lágmarksverði.

Jón K Baldursson gæða- og umhverfisstjóri

## Gott að muna

RÁÐGJÖF

MUNIÐ AÐ skipta um spenagúmmí nógu oft! Það er góð fjárfesting til að koma í veg fyrir sködduð spenaop. Ráðlögð skipti í rormjaltakerfi og mjaltagryfju er á 4-6 mánaða fresti og við 2.500 mjaltir í mjaltþjónum.

MUNIÐ AÐ klippa kýrnar á júgrum, hala og á lærum til þess að stuðla að hreinni kúm og þ.a.l. lágri líftölu í mjólkinni. Ef klippt er fram yfir hrygg og niður á síðum og bógum, svitna kýrnar minna og það verður mun auðveldara að viðhalda góðri loftræstingu í fjósinu!

MUNIÐ AÐ reglulegar klaufaklippingar leiða til að kúnum líður betur og eru betur í stand búnar til að framleiða meiri mjólk að meiri gæðum.

## Flutningsgjald

UPPLÝSINGAR

Mjólkurflutningar – flutningsgjald á mjólk frá bændum hefur verið ákveðið 4.70 kr. fyrir hvern lítra frá 1. janúar 2016.

## Bændavefur

FRÉTTIR

Um langt árabíl hefur verið takmarkaður aðgangur nokkurra ráðunauta og héraðsdýralækna að innvigtunartölum og gæðaniðurstöðum.

Stjórn Auðhumlu telur í ljósi breyttra tíma, að nauðsynlegt sé að stýra betur aðgengi að þessum upplýsingum og hefur því ákveðið nýjar reglur sem taka munu gildi frá og með 1. janúar 2016.

**Aðgangur að Bændavef - nýjar reglur frá 1. janúar 2016**

Allir innleggjendur Auðhumlu hafa aðgang að eigin upplýsingum á lokuðu svæði. Öðrum er ekki veittur aðgangur að upplýsingum framleiðenda nema með upplýstu samþykki viðkomandi.

Óski opinberir aðilar eftir upplýsingum sem þeir eiga rétt á að fá lögum samkvæmt, skal það gert með formlegum hætti til Auðhumlu sem mun þá svara erindinu.

Allar umsóknir er þessi mál varðar skulu berast Auðhumlu svf. Austurvegi 65, 800 Selfossi, sem annast úrvinnslu þeirra

Garðar Eiríksson

## Nýr mjólkurbíll

FRÉTTIR

Bílafloti Mjólkursamsölunnar stækkar en í haust fékk MS afhentan glæsilegan Mercedes Benz Actros frá bílaumboðinu Öskju. Bíllinn er 3ja ása með drifi á báðum afturásunum, 578 hestöfl, 12 gíra með retarderbremsu og hátt kojuhúsið mun koma sér vel í allri umgengni. Kapp ehf sá um alla ábyggingu bílsins ásamt dælubúnaði. Á myndinni eru þeir Páll Halldórsson frá Öskju, Björn Magnússon frá MS, Freyr Friðriksson og Þorgeir Kristjánsson bílstjóra hjá MS.

